

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 294/2008

2013/EES/4/22

frá 11. mars 2008

um stofnun Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

tækniþróunar og tilraunaverkefna, rammaáætluninni um samkeppnishæfni og nýsköpun, símenntunaráætluninni og þróunarsjóðunum.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 3. mgr. 157. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar ⁽²⁾, í samræmi við málsmæðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í Lissabon-áætluninni um hagvöxt og atvinnu er lögð áhersla á nauðsyn þess að skapa skilyrði sem laða að fjárfestingu í þekkingu og nýsköpun í Evrópu í því skyni að auka samkeppnishæfni, hagvöxt og atvinnu í Evrópusambandinu.
- 2) Aðildarríkin bera fyrst og fremst ábyrgð á að viðhalda styrkum undirstöðum atvinnugreina, samkeppni og nýsköpunar í Evrópu. Nýsköpunarverkefnið í Evrópusambandinu er þó þess eðlis og það umfangsmikið að einnig er þörf aðgerða á vettvangi Bandalagsins.
- 3) Framkvæmdastjórnin skal styðja nýsköpun, einkum með sjöundu rammaáætluninni á sviði rannsókna,

- 4) Á vettvangi Bandalagsins skal hleypa af stokkunum nýju framtaksverkefni, Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu (EIT), til fyllingar fyrirbyggjandi stefnumálum og framtaksverkefnum innan Bandalagsins og á landsvísi með því að stuðla að samþættingu þekkingarþríhyrningsins - æðri menntun, rannsóknir og nýsköpun – alls staðar í Evrópusambandinu.

- 5) Á fundi sínum 15. og 16. júní 2006 hvatti Evrópuráðið framkvæmdastjórnina til þess að semja formlega tillögu um stofnun Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu sem lögð skyldi fram haustið 2006.

- 6) Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal fyrst og fremst stuðla að aukinni nýsköpunargetu Bandalagsins og aðildarríkjanna með því að tengja hana æðri menntun, rannsóknum og nýsköpunarverkefnum í samræmi við ýtrustu kröfur. Í tengslum við það skal Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu leggja áherslu á tengslamyndun og samstarf og einfalda hvort tveggja, auk þess að koma á samvirkni milli nýsköpunarsamfélaga í Evrópu.

- 7) Starfsemi Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu skal beinast að stefnumótandi viðfangsefnum á sviði nýsköpunar til langs tíma í Evrópu, einkum á samþættum og/eða þverfaglegum sviðum, m.a. þeim sem þegar hafa verið skilgreind á evrópskum vettvangi. Í tengslum við það skal Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu stuðla að reglubundnum skoðanaskiptum við hið borgaralega samfélag.

- 8) Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal setja í forgang yfirfærslu starfsemi sinnar á sviði æðri menntunar, rannsókna og nýsköpunar til viðskiptalífsins og beitingu hennar á sviði viðskipta, auk stuðnings við að koma á fót sprotafyrirtækjum, skiptum fyrirtækjum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2008 frá 4. júlí 2008 um breytingu á bókun 31 (um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta)við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 64, 23.10.2008, bls. 26.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 161, 13.7.2007, bls. 28.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 146, 30.6.2007, bls. 27.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 26. september 2007 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB), sameiginleg afstaða ráðsins frá 21. janúar 2008 (Stjtið. ESB C 52 E, 26.2.2008, bls. 7) og afstaða Evrópuþingsins frá 11. mars 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).

- 9) Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal fyrst og fremst starfa á grundvelli gæðamiðaðra, sjálfstæðra samstarfsfélaga æðri menntastofnana, rannsóknarstofnana, fyrirtækja og annarra hagsmunaaðila sem sjálfbær, skipulögð netkerfi í nýsköpunarferlinu, sem til lengri tíma fjármagni sig sjálf. Stjórn Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu skal velja þessi samstarfsfélög á grundvelli gagnsæis, gæðamiðaðs ferlis og skulu þau tilgreind sem þekkingar- og nýsköpunarsamfélög (KIC). Stjórnin skal einnig stýra starfsemi Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu og meta starfsemi þekkingar- og nýsköpunarsamfélaganna. Stjórnin skal vera þannig samansett að jafnvægi ríki milli reynslu úr viðskiptaheiminum og reynslu af æðri menntun og/eða rannsóknum, auk nýsköpunargeirans.
- 10) Í því skyni að stuðla að samkeppnishæfni og auka alþjóðlegt aðdráttarafl evrópska hagkerfisins og nýsköpunargetu þess verða Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu og þekkingar- og nýsköpunarsamfélögin að geta laðað að samstarfsstofnanir, vísindamenn og námsmenn hvaðanæva úr heiminum, m.a. með því að yta undir hreyfanleika þeirra og jafnframt starfa með samtökum í þriðja landi.
- 11) Tengslin milli Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu og þekkingar- og nýsköpunarsamfélaganna skulu byggjast á samningum sem setja fram réttindi og skyldur þekkingar- og nýsköpunarsamfélaganna, tryggja nægilega samræmingu og tilgreina fyrirkomulag við að vakta og meta starfsemi og niðurstöður félaganna.
- 12) Styðja þarf við æðri menntun, sem oft vantar í heildaráætlun um nýsköpun en er óaðskiljanlegur hluti hennar. Í samningi Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu og þekkingar- og nýsköpunarsamfélaganna skal kveða á um að gráður og prófskírteini, sem veitt eru á vegum félaganna, skuli veitt af þeim æðri menntastofnunum, sem taka þátt í verkefninu, og skal hvetja stofnanirnar til að auðkenna þau sem gráður og prófskírteini frá Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu. Með starfsemi sinni og starfi skal Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu stuðla að hreyfanleika innan evrópska rannsóknasvæðisins og evrópsks svæðis æðri menntunar og hvetja til yfirfærslu styrkja sem vísindamenn og námsmenn fá í tengslum við þekkingar- og nýsköpunarsamfélögin. Öll þessi starfsemi skal rekin án þess að það hafi áhrif á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi ⁽¹⁾.
- 13) Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal setja skýrar og gagnsæjar viðmiðunarreglur um meðhöndlun hugverkaréttinda, sem stuðli að nýtingu hugverkaréttinda við viðeigandi aðstæður. Í viðmiðunarreglunum skal kveðið á um að tekið sé fullt tillit til framlaga hinna ýmsu samstarfsstofnana þekkingar- og nýsköpunarfélaganna án tillits til stærðar þeirra. Þegar um er að ræða starfsemi, sem er fjármögnuð samkvæmt rammaáætlunum Bandalagsins um rannsóknir og tækniþróun, skal beita þeim reglum sem gilda um þær áætlanir.
- 14) Setja skal viðeigandi ákvæði til að tryggja áreiðanleika og gagnsæi Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu. Mæla skal fyrir um viðeigandi reglur um starfsemi hennar í stofnsamþykkt Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu.
- 15) Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal hafa lögformlega stöðu og til að tryggja sjálfræði hennar og sjálfstæði skal hún sjálf hafa umsjón með fjárhagsáætlun sinni, en tekjurnar skulu m.a. taka til fjárveitingar frá Bandalaginu.
- 16) Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal leita eftir meira fjárframlagi frá einkageiranum og í formi tekna af eigin starfsemi. Því er gert ráð fyrir umtalsverðu framlagi frá atvinnulífinu, fjármálageiranum og þjónustugeiranum við gerð fjárhagsáætlunar Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu, einkum fjárhagsáætlunar þekkingar- og nýsköpunarsamfélaganna. Þekkingar- og nýsköpunarsamfélögin skulu setja sér það markmið að hlutur framlaga úr einkageiranum verði sem stærstur. Þekkingar- og nýsköpunarsamfélögin og samstarfsstofnanir þeirra skulu kunngera að starfsemi þeirra tengist Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu og að þau fái fjárframlag af almennum fjárlögum Evrópusambandsins.
- 17) Framlag Bandalagsins til Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu skal standa straum af kostnaði við stofnun, stjórnun og samræmingu á vegum Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu og þekkingar- og nýsköpunarfélaganna. Í því skyni að komast hjá tvífjarmögnun skal þessi starfsemi ekki samtímis njóta framlaga úr öðrum áætlunum Bandalagsins, s.s. rammaáætluninni um rannsóknir, tækniþróun og tilraunaverkefni, rammaáætluninni um samkeppnishæfni og nýsköpun, símenntunaráætluninni eða úr þróunarsjóðunum. Umsóknir þekkingar- og nýsköpunarfélagsins eða samstarfsstofnana þess skulu auk þess meðhöndlaðar án nokkurs forgangs gagnvart öðrum umsóknum ef sótt er beint um stuðning Bandalagsins á grundvelli þessara áætlana eða úr þessum sjóðum.
- 18) Fjárlagagerð Bandalagsins gildir að því er varðar styrk Bandalagsins og aðra styrki sem veittir eru af almennum fjárlögum Evrópusambandsins. Endurskoðunarrétturinn skal annast endurskoðun reikninga í samræmi við reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 frá 25. júní 2002 um fjárhagsreglugerðina sem gildir um fjárlög Evrópubandalaganna ⁽²⁾.
- 19) Í þessari reglugerð er mælt fyrir um fjárhagsramma sem gildir fyrir tímabilið 2008 til 2013 og er helsta viðmiðun fjárveitingavaldsins í skilningi 37. liðar samstarfssamnings frá 17. maí 2006 milli Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um eftirlit með fjárlögum og góða fjármálastjórnun ⁽³⁾.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 22. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1430/2007 (Stjtið. ESB L 320, 6.12.2007, bls. 3.)

⁽²⁾ Stjtið. EB L 248, 16.9.2002, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1525/2007 (Stjtið. ESB L 343, 27.12.2007, bls. 9).

⁽³⁾ Stjtið. ESB C 139, 14.6.2006, bls. 1. Samstarfssamningnum var breytt með tilskipun 2008/29/EB. ESB L 6, 10.1.2008, bls. 7).

- 20) Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu er stofnun sem Bandalögin komu á fót í skilningi 1. mgr. 185. gr. reglugerðar (EB, KBE) nr. 1605/2002 og skal hún samþykkja fjárhagsreglur sínar samkvæmt því. Af þeim sökum gildir reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB, KBE) nr. 2343/2002 frá 19. nóvember 2002 um fjárhagslega rammareglugerð fyrir þá aðila sem um getur í 185. gr. reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 ⁽¹⁾ um Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu.
- 21) Ár hvert skal Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu taka saman skýrslu um starfsemi næstliðins almanaksárs og gera breytilega þriggja ára vinnuáætlun til að gera grein fyrir fyrirhuguðum framtaksverkefnum og veita Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu tækifæri til að bregðast við innri og utanaðkomandi þróun á sviði vísinda, tækni, æðri menntunar og nýsköpunar og öðrum sviðum sem skipta máli. Þessi skjöl skulu send Evrópuþinginu, ráðinu, framkvæmdastjórninni, endurskoðunarréttinum, efnahags- og félagsmálanefnd Evrópubandalaganna og svæðanefndinni í upplýsingaskyni. Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnin eiga rétt á að láta í ljós álit sitt á drögum að fyrstu þriggja ára vinnuáætlun Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu.
- 22) Stefnumótandi forgangssvið til langs tíma og fjárhagsþörf Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu á sjö ára tímabili skulu sett fram í stefnumótandi framkvæmdaáætlun um nýsköpun (SIA). Þar eð stefnumótandi framkvæmdaáætlunin um nýsköpun og pólitísk þýðing félagshagfræðilegra áhrifa hennar á Bandalagið er mikilvæg fyrir nýsköpunarstefnu Bandalagsins skulu Evrópuþingið og ráðið samþykkja áætlunina á grundvelli tillögu framkvæmdastjórnarinnar sem samin er á grundvelli draga frá Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu.
- 23) Rétt er að framkvæmdastjórnin hefji óháð, utanaðkomandi mat á rekstri Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu, einkum m.t.t. undirbúnings stefnumarkandi framkvæmdaáætlunarinnar um nýsköpun. Ef við á skal framkvæmdastjórnin leggja fram tillögur um breytingar á þessari reglugerð.
- 24) Rétt er að koma Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu smám saman á fót í áföngum í ljósi þess hve mótun hennar tekur langan tíma. Þörf er á upphafsáfangi með takmörkuðum fjölda þekkingar- og nýsköpunarsamfélaga í því skyni að meta á tilhlýðilegan hátt starfsemi Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu og þekkingar- og nýsköpunarsamfélaganna auk þess að koma á endurbótum ef nauðsyn krefur. Innan 18 mánaða frá skipun stjórnarinnar skal hún velja tvö eða þrjú þekkingar- og nýsköpunarsamfélög á sviðum sem gagnast Evrópusambandinu við að takast á við erfið viðfangsefni, nú og í framtíðinni, sem gætu t.d. verið á sviðum á borð við loftslagsbreytingar, endurnýjanlega orku og næstu kynslóð upplýsinga- og fjarskiptatækni. Unnt skal vera að velja og tilnefna fleiri þekkingar- og nýsköpunarsamfélög eftir innleiðingu fyrstu stefnumótandi áætlunarinnar um nýsköpun sem, til þess að geta tekið langtímahorfur til greina, skal einnig fela í sér nákvæmar reglur um rekstur Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu.

- 25) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð því markmiði sem fyrirhugaðar aðgerðir fela í sér, þ.e. að koma á fót Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu, og auðveldara er að ná markmiðinu á vettvangi Bandalagsins vegna þess hve aðgerðirnar eru umfangsmiklar og vegna samstarfs milli landa, getur Bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra með þessari reglugerð en nauðsynlegt er til þess að ná þessu markmiði.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðfangsefni

Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu er hér með komið á fót.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „nýsköpun“: ferlið, þ.m.t. niðurstaðan, þar sem brugðist er við samfélagslegum eða efnahagslegum kröfum með nýjum hugmyndum og sköpun nýrra vara, þjónustu eða viðskipta- og skipulagslíkana sem eru sett á ríkjandi markað með góðum árangri eða geta skapað nýja markaði,
2. „þekkingar- og nýsköpunarsamfélag“: sjálfstætt samstarfsfélag æðri menntastofnana, rannsóknastofnana, fyrirtækja og annarra hagsmunaaðila í nýsköpunarferlinu í formi skipulegs netkerfis sem grundvallast á sameiginlegri skipulagsáætlun, til langs eða meðallangs tíma, í því skyni að ljúka verkefnum Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu, án tillits til nákvæms lagalegs forms þess,
3. „þátttökuríki“: annaðhvort aðildarríki Evrópusambandsins eða annað ríki sem samið hefur við Bandalagið um Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu,
4. „þriðja land“: ríki sem er ekki þátttökuríki,
5. „samstarfsstofnun“: stofnun sem er aðili að þekkingar- og nýsköpunarfélagi, einkum æðri menntastofnanir, rannsóknastofnanir, opinber fyrirtæki eða einkafyrirtæki, fjármálastofnanir, héraðs- og staðaryfirvöld og sjóðir,
6. „rannsóknastofnun“: opinber eða einkarekinn lögaðili, sem hefur rannsóknir eða tækniþróun sem eitt af meginmarkmiðum sínum,
7. „æðri menntastofnun“: háskóli eða önnur æðri menntastofnun sem veitir háskólagráður og gefur út prófskírteini á meistara- og doktorsstigi, í samræmi við landslög eða venju, óháð heiti hennar í landinu,

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 357, 31.12.2002, bls. 72.

8. „háskólagráður og prófskírteini“: menntun sem lýkur með meistara- eða doktorsgráðu sem er veitt af æðri samstarfsmenntastofnunum í tengslum við starfsemi á sviði æðri menntunar sem fram fer í þekkingar- og nýsköpunarfélagi,
9. „stefnumótandi framkvæmdaáætlun um nýsköpun“: stefnumarkandi greinargerð þar sem forgangssvið Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu fyrir nýsköpun í framtíðinni eru tilgreind, m.a. með yfirliti yfir fyrirhugaða starfsemi á sviði æðri menntunar, rannsóknar og nýsköpunar, fyrir sjö ára tímabil.

3. gr.

Markmið

Markmið Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu er að stuðla að sjálfbærum, evrópskum hagvexti og samkeppnishæfni með því að styrkja nýsköpunarhæfni aðildarríkjanna og Bandalagsins. Þetta skal gert með því að efla og samþætta æðri menntun, rannsóknir og nýsköpun í samræmi við ýrtruð kröfur.

4. gr.

Stofnanir Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu

1. Stofnanir Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu eru:
- a) yfirstjórn sem skipuð er háttsettum fulltrúum með reynslu á sviði æðri menntunar, rannsókna, nýsköpunar og viðskipta. Hún skal bera ábyrgð á stjórnun á starfsemi Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu, vali, tilnefningu og mati á þekkingar- og nýsköpunarsamfélögum og öllum öðrum stefnumótandi ákvörðunum,
- b) framkvæmdanefnd sem hefur umsjón með rekstri Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu og tekur nauðsynlegar ákvarðanir milli stjórnarfundar,
- c) framkvæmdastjóri sem ber ábyrgð gagnvart stjórninni á framkvæmda- og fjármálastjórn Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu og skal vera lagalegur fyrirvarsmaður Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu,
- d) innri endurskoðun sem skal vera stjórninni og framkvæmdastjóranum til ráðgjafar að því er varðar fjármála- og framkvæmdastjórn og stjórnunarkerfi innan Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu, skipulag fjárhagslegra tengsla við þekkingar- og nýsköpunarsamfélög og önnur mál sem stjórnin ákveður.
2. Framkvæmdastjórnin getur tilnefnt áheyrnarfulltrúa sem sitja fundi stjórnarinnar.
3. Ítarleg ákvæði um stofnanir Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu eru sett fram í stofnsamþykktum hennar í viðauka við þessa reglugerð.

5. gr.

Verkefni

1. Til að ná markmiði sínu skal Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu:
- a) skilgreina forgangssvið sín,

- b) efla skilning meðal hugsanlegra samstarfsstofnana og hvetja til þátttöku þeirra í starfsemi sinni,
- c) velja og tilnefna þekkingar- og nýsköpunarfélög á forgangssviðum í samræmi við 7. gr. og skilgreina réttindi og skyldur þeirra samkvæmt samningi, veita þeim viðeigandi stuðning, grípa til viðeigandi ráðstafana við gæðaeftirlit, vakta starfsemi þeirra að staðaldri og meta hana reglulega auk þess að tryggja nægilega mikla samræmingu milli þeirra,
- d) nýta fjármuni úr opinberum og einkareknum sjóðum og nota fjármagn sitt í samræmi við þessa reglugerð. Stofnunin skal einkum leitast við að afla verulegs og vaxandi hluta fjármagns sín úr einkareknum sjóðum og af tekjum af eigin starfsemi,
- e) hvetja aðildarríkin til að samþykkja háskólagráður og prófskírteini sem eru veitt af æðri menntastofnunum, sem eru samstarfsstofnanir, og líta má á sem prófgráður og prófskírteini frá Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu,
- f) stuðla að miðlun góðra starfsvenja að því er varðar samþættingu þekkingarþríhyrningsins í því skyni að þróa menningu á sviði nýsköpunar- og þekkingarmiðlunar,
- g) leitast við að verða gæðastofnun á heimsmaelikvarða á sviði æðri menntunar, rannsókna og nýsköpunar,
- h) tryggja fyllingu og samvirkni milli starfsemi á vegum Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu og annarra áætlaða Bandalagsins.
2. Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal hafa heimild til að stofna sjóð (hér á eftir nefndur sjóður Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu) með því sérstaka markmiði að efla og styðja starfsemi hennar.

6. gr.

Þekkingar- og nýsköpunarsamfélög

1. Þekkingar- og nýsköpunarsamfélög skulu einkum fást við:
- a) nýsköpunarstarfsemi og fjárfestingar með evrópskum virðisauka, sem samþættir að fullu æðri menntun og rannsóknarþætti, til að safna nauðsynlegum efniviði og örva miðlun og nýtingu niðurstaðna,
- b) framsæknar og nýsköpunarmiðaðar rannsóknir á helstu efnahags- og samfélagslegu sviðum, sem byggjast á niðurstöðum evrópskra og landsbundinna rannsókna, með það fyrir augum að styrkja samkeppnishæfi Evrópu á alþjóðavettvangi,

c) menntun og þjálfun í meistara- og doktorsnámi í greinum sem geta hugsanlega fullnægt félagshagfræðilegum þörfum í Evrópu og stuðlað að þróun færni á sviðum tengdum nýsköpun, betri færni á sviði stjórnunar og frumkvöðlastarfsemi og hreyfanleika vísindamanna og námsmanna,

d) miðlun bestu starfsvenja í nýsköpunargeiranum með áherslu á þróun samvinnu milli æðri menntunar, rannsókna og viðskipta, þ.m.t. í þjónustu- og fjármálageiranum.

2. Þekkingar- og nýsköpunarfélög skulu hafa verulegt, almennt sjálfstæði til að móta innra skipulag sitt og samsetningu auk nákvæmrar áætlunar sinnar og starfsaðferða. Einkum skulu þekkingar- og nýsköpunarsamfélög hafa það að markmiði að vera opin nýjum aðilum þegar þeir auka á virði samstarfsfélagsins.

3. Tengsl Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu og sérhvers þekkingar- og nýsköpunarsamfélags skulu byggjast á samningi.

7. gr.

Val á þekkingar- og nýsköpunarsamfélögum

1. Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal velja og tilnefna það samstarfsfélag sem verður að þekkingar- og nýsköpunarsamfélagi á grundvelli opins og gagnsæs samkeppnisferlis. Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal samþykkja og birta nákvæmar viðmiðanir fyrir val á þekkingar- og nýsköpunarsamfélögum, sem byggjast á meginreglum um gæði og mikilvægi fyrir nýsköpun; óháðir og sjálfstæðir sérfræðingar skulu koma að valferlinu.

2. Í samræmi við meginreglurnar í 1. mgr. skal, við val á þekkingar- og nýsköpunarsamfélagi, taka sérstakt tillit til:

a) fyrirbyggjandi og mögulegrar nýsköpunargetu í samstarfsfélaginu auk gæða þess á sviði æðri menntunar, rannsókna og nýsköpunar,

b) getu samstarfsfélagsins til að ná markmiðum stefnumótandi áætlunarinnar um nýsköpun,

c) getu samstarfsfélagsins til að tryggja sjálfbæra fjármögnun, sem ber sig til langs tíma, m.a. umtalsvert og vaxandi framlag frá einkageiranum, atvinnulífinu og þjónustugeiranum,

d) þátttöku í samstarfsfélagi samtaka sem eru virk í þekkingarþríhyrningi æðri menntunar, rannsókna og nýsköpunar,

e) kynningar á áætlun um umsjón með hugverkum sem hentar í viðeigandi geira og er í samræmi við meginreglur og viðmiðunarreglur Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu um umsjón með hugverkum, m.a. hvernig tekið hefur verið tillit til framlaga hinna ýmsu samstarfsstofnana,

f) ráðstafana til að styðja þátttöku einkageirans og samstarf við hann, m.a. fjármálageirann, einkum lítil og meðalstór fyrirtæki, auk stuðnings við að koma á fót sprotafyrirtækjum, skiptum fyrirtækjum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum með tilliti til nýtingar á starfsemi þekkingar- og nýsköpunarsamfélags í ábataskyni,

g) vilja til að hafa samskipti við önnur samtök og netkerfi utan þekkingar- og nýsköpunarsamfélagsins í þeim tilgangi að miðla sín á milli góðum starfsvenjum og gæðum.

3. Lágmarksskilyrðið fyrir myndun þekkingar- og nýsköpunarsamfélags er að a.m.k. þrjár samstarfsstofnanir eigi aðild að því og hafi staðfestu í a.m.k. tveimur aðildarríkjum. Þessar samstarfsstofnanir skulu óháðar hver annari í skilningi 6. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1906/2006 frá 18. desember 2006 um reglur um þátttöku fyrirtækja, rannsóknarmiðstöðva og háskóla í aðgerðum samkvæmt sjöundu rammaáætluninni og um miðlun rannsóknarmiðurstaðna (2007-2013). ⁽¹⁾.

4. Samstarfsstofnanir frá þriðja landi geta, með samþykki stjórnarinnar, átt aðild að þekkingar- og nýsköpunarsamfélagi. Meirihluti samstarfsstofnananna, sem mynda þekkingar- og nýsköpunarsamfélagið, skal hafa staðfestu í aðildarríkjunum. Að minnsta kosti ein æðri menntastofnun og eitt einkafyrirtæki skulu eiga aðild að hverju þekkingar- og nýsköpunarsamfélagi.

8. gr.

Háskólagráður og prófskírteini

1. Æðri menntastofnanirnar, sem taka þátt í samstarfinu, veita háskólagráður og prófskírteini í tengslum við starfsemi á sviði æðri menntunar, sem um getur í c-lið 1. mgr. 6. gr., í samræmi við reglur hvers lands og málsmæðferð við því er varðar faggildingu. Í samningnum milli Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu og þekkingar- og nýsköpunarsamfélaganna skal kveðið á um að þessar háskólagráður og prófskírteini geti einnig verið háskólagráður og prófskírteini frá Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu.

2. Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal hvetja æðri menntastofnanir, sem taka þátt, til þess:

a) að veita sameiginlegar eða margþættar háskólagráður og prófskírteini sem endurspeгла samþætt eðli þekkingar- og nýsköpunarsamfélaganna. Einstökum æðri menntastofnunum er þó einnig heimilt að veita gráðurnar og prófskírteinin,

b) að taka tillit til:

i. aðgerða sem Bandalagið hefur gripið til í samræmi við 149. og 150. mgr. sáttmálans,

ii. aðgerða sem gripið hefur verið til í tengslum við evrópskan vettvang æðri menntunar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 391, 30.12.2006, bls. 1.

9. gr.

Sjálfstæði Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu og samræmi við aðgerðir Bandalagsins, aðildarríkis eða milliríkjaaðgerðir

1. Starfsemi Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu skal fara fram óháð landsyfirvöldum og utanaðkomandi þrýstingi.

2. Starfsemi Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu skal vera í samræmi við aðrar aðgerðir og gerninga sem ber að framkvæma innan Bandalagsins, einkum á sviði æðri menntunar, rannsókna og nýsköpunar.

3. Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal einnig taka tilhlýðilegt tillit til stefnumiða og framtaksverkefna á svæðisbundnum, landsbundnum eða alþjóðlegum vettvangi í því skyni að nýta bestu starfsvenjur, hugmyndir sem löng hefð er fyrir og tiltækt fjármagn.

10. gr.

Umsjón hugverka

1. Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal samþykkja viðmiðunarreglur um umsjón hugverka sem m.a. byggjast á reglugerð (EB) nr. 1906/2006.

2. Á grundvelli þessara viðmiðunarreglna skulu samstarfsstofnanir sérhvers þekkingar- og nýsköpunarsamfélags gera samning sín á milli um umsjón og nýtingu hugverka þar sem einkum er skilgreint hvernig tekið verður tillit til framlags hinna ýmsu samstarfsstofnana, þ.m.t. lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

11. gr.

Réttarstaða

1. Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal vera Bandalagsstofnun með réttarstöðu lögaðila. Stofnunin skal hafa svo víðtækt réttshæfi og gerhæfi í hverju aðildarríki sem löggjöf þess framast veitir lögaðilum. Henni er heimilt að afla sér eða ráðstafa lausafé og fasteignum og vera aðili að dómsmáli.

2. Bókun um sérréttindi og friðhelgi Evrópubandalaganna gildir um Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu.

12. gr.

Ábyrgð

1. Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu ber ein ábyrgð á því að uppfylla skyldur sínar.

2. Samningsbundin ábyrgð Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu skal háð viðeigandi samningsbundnum ákvæðum og þeirri löggjöf sem gildir um viðkomandi samning. Dómstóllinn hefur lögsögu samkvæmt gerðardómsákvæði í samningi sem stofnunin hefur gert.

3. Þegar um er að ræða aðrar skaðabætur utan samnings ber Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu, samkvæmt almennum meginreglum sem eru sameiginlegar í lögum aðildarríkjanna, að bæta allt tjón sem stofnunin eða starfsfólk hennar kann að valda við skyldustörf sín.

Dómstóllinn fer með lögsögu í deilumálum um bætur vegna slíks tjóns.

4. Allar greiðslur frá Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu vegna ábyrgðarinnar, sem um getur í 2. og 3. mgr., ásamt tengdum kostnaði og útgjöldum, skulu teljast til útgjalda Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu og koma af fjármunum Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu.

5. Dómstóllinn fer með lögsögu í málum sem eru höfðuð gegn Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu samkvæmt skilyrðunum í 230. og 232. gr. sáttmálans.

13. gr.

Gagnsæi og aðgangur að gögnum

1. Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal tryggja að starfsemi hennar einkennist af miklu gagnsæi. Einkum skal Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu setja upp aðgengilegt, gjaldfrjálst vefsetur með upplýsingum um starfsemi sína og starfsemi einstaka þekkingar- og nýsköpunarsamfélags.

2. Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal birta opinberlega verklagsreglur sínar, sértæku fjármálareglurnar, sem um getur í 1. mgr. 21. gr., og nákvæmu viðmiðanirnar fyrir val á þekkingar- og nýsköpunarsamfélögum, sem um getur í 7. gr., áður en auglýst er í fyrsta skipti eftir tillögum þegar fyrstu þekkingar- og nýsköpunarsamfélögin eru valin.

3. Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal án tafar birta breytilega vinnuáætlun sína til þriggja ára og árlega skýrslu um starfsemi, sbr. 15. gr.

4. Með fyrirvara um 5. og 6. mgr. skal Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu ekki láta þriðju aðilum í té trúnaðarupplýsingar sem hún hefur fengið í hendur og sem óskað hefur verið eftir með rökstuðningi að farið verði með sem trúnaðarmál.

5. Aðilar að stofnunum Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu skulu gangast undir þagnarskylduna sem um getur í 287. gr. sáttmálans.

Upplýsingarnar, sem Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu safnar í samræmi við þessa reglugerð, skulu vera með fyrirvara um reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ⁽¹⁾.

6. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar ⁽²⁾ gildir um skjöl í vörslu Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu. Stjórnin skal samþykkja skilvirka tilhögun við beitingu þeirrar reglugerðar eigi síðar en sex mánuðum eftir stofnun Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43. L 97/6 EN Stjtið ESB.

7. Þýða skal opinber skjöl og útgefið efni Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu í samræmi við reglugerð nr. 1 frá 15. apríl 1958 þar sem ákveðið er hvaða tungumál skuli nota í Efnahagsbandalagi Evrópu ⁽¹⁾. Þýðingamiðstöðin, sem þjónar stofnunum Evrópusambandsins og var komið á fót með reglugerð ráðsins (EB) nr. 2965/1994, annast nauðsynlegar þýðingar ⁽²⁾.

14. gr.

Fjármagn

1. Fjármagna skal Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu með framlagi af fjárlögum Evrópusambandsins innan fjárhagsrammans, eins og segir í 19. gr., og með öðrum greiðslum frá einkaaðilum og opinberum aðilum.

2. Einkum skulu þekkingar- og nýsköpunarsamfélögin fjármögnuð á eftirfarandi hátt:

- a) með framlögum frá fyrirtækjum eða einkareknum stofnunum sem reiða fram umtalsvert fé,
- b) með framlögum af fjárlögum Evrópusambandsins,
- c) með lögboðnum eða frjálsum framlögum frá þátttökuríkjum, þriðju löndum eða þarlendum opinberum yfirvöldum,
- d) með dánargjöfum, gjöfum og framlögum frá einstaklingum, stofnunum, sjóðum eða öðrum innlendum aðilum,
- e) með tekjum af eigin starfsemi þekkingar- og nýsköpunarfélaganna og réttahafagreiðslum af hugverkarétti,
- f) með tekjum af afrakstri starfsemi Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu eða stofnframlögum, m.a. þeim sem sjóður Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu annast,
- g) með framlögum frá alþjóðlegum aðilum eða stofnunum,
- h) með lánum og framlögum frá Fjárfestingarbanka Evrópu, m.a. þeim möguleika að nota áhættuhlutdeildar-fjárfestingarsjóðinn, samkvæmt viðmiðununum um hæfi og valaðferðinni.

Framlög geta falist í sér framlög í friðu.

3. Fyrirkomulag á aðgangi að fjármagni frá Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal skilgreint í fjárhagsreglum Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu sem um getur í 1. mgr. 21. gr.

4. Framlag af almennum fjárlögum Evrópusambandsins vegna kostnaðar við stofnun, stjórnsýslu og samræmingu þekkingar- og nýsköpunarsamfélaganna skal vera innan fjárhagsrammans eins og segir í 19. gr.

5. Þekkingar- og nýsköpunarsamfélögunum eða samstarfsstofnunum þeirra er heimilt að sækja um aðstoð Bandalagsins, einkum innan ramma áætlana og sjóða Bandalagsins, í samræmi við reglur sínar og Umsóknir þeirra skulu jafngilda öðrum umsóknum. Í þeim tilvikum skal slík aðstoð ekki veitt vegna starfsemi sem þegar nýtur fjárframlaga af fjárlögum Evrópusambandsins.

15. gr.

Áætlanir og skýrslugerð

Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal samþykka:

- a) breytilega þriggja ára vinnuáætlun, sem byggist á hinni stefnumótandi framkvæmdaáætlun um nýsköpun, þegar hún hefur verið samþykkt, og felur í sér yfirlýsingu um helstu forgangssvið og fyrirhuguð framtaksverkefni, m.a. mat á fjármögnunarbörf og -leiðum. Til upplýsingar skal Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu senda vinnuáætlunina til Evrópuþingsins, ráðsins, framkvæmdastjórnarinnar, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar,
- b) ársskýrslu eigi síðar en 30. júní ár hvert. Í skýrslunni skal gera grein fyrir starfsemi á vegum Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu á næstliðnu almanaksári og meta árangurinn með tilliti til settra markmiða og tímaáætlunar, áhættunnar í tengslum við starfsemina sem fór fram, nýtingu fjármuna og almenns rekstrar á Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu.

16. gr.

Eftirlit og mat á Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu

1. Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal tryggja að starfsemi hennar, þ.m.t. sú sem er undir stjórn þekkingar- og nýsköpunarsamfélaga, sé undir samfelldri vöktun og hljóti óháð mat með reglubundnu millibili til að tryggja vandaða niðurstöðu, gæði í vísindum og að fjármunir nýtist sem best. Birta skal niðurstöður matsins opinberlega.

2. Eigi síðar en júní 2011 og á fimm ára fresti eftir að nýr fjárhagsrammi tekur gildi skal framkvæmdastjórnin láta fara fram mat á Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu. Það skal byggjast á óháðu, utanaðkomandi mati og rannsakað skal hvernig Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu rækir hlutverk sitt. Það skal ná yfir alla starfsemi Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu og þekkingar- og nýsköpunarsamfélaganna og í því skal lagt mat á virðisauka Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu, áhrif, árangur, sjálfbærni, skilvirkni og gildi starfseminnar sem fer fram og samband og/eda fyllingu við gildandi stefnu hvers lands um sig og Bandalagsins til stuðnings við æðri menntun, rannsóknir og nýsköpun. Við matið skal hafa hliðsjón af sjónarmiðum hagsmunaaðila, bæði á evrópskum og innlendum vettvangi.

⁽¹⁾ Stjótið. EB L 17, 6.10.1958, bls. 385/58. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1791/2006 (Stjótið. EB L 363, 20.12.2006, bls. 1.)

⁽²⁾ Stjótið. EB L 314, 7.12.1994, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1645/2003 (Stjótið. EB L 245, 29.9.2003, bls. 13.)

3. Framkvæmdastjórnin skal senda upplýsingar um niðurstöður matsins ásamt álitinu sínu og, eftir því sem við á, allar tillögur um breytingar á þessari reglugerð, til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar. Stjórnin skal sjá til þess að í áætlunum og rekstri Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu sé tekið tilhlýðilegt tillit til matsniðurstöðna.

17. gr.

Stefnumótandi framkvæmdaáætlun um nýsköpun

1. Eigi síðar en 30. júní 2011 og á sjö ára fresti eftir það skal Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu semja drög að stefnumótandi framkvæmdaáætlun um nýsköpun til sjö ára og leggja fyrir framkvæmdastjórnina.

2. Í stefnumótandi framkvæmdaáætluninni um nýsköpun skal skilgreina langtímaforgangssvið Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu og þar skal koma fram mat á félagshagfræðilegum áhrifum hennar og getu til að mynda mesta hugsanlega virðisauka nýsköpunar. Í stefnumótandi framkvæmdaáætluninni um nýsköpun skal taka tillit til niðurstöðna úr vöktun og mati á Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu eins og um getur í 16. gr.

3. Stefnumótandi framkvæmdaáætlunin um nýsköpun skal hafa að geyma mat á fjárþörf og fjáröflunarleiðum með tilliti til framtíðarrekstrar á Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu, þróunar hennar til langs tíma og fjármögnunar. Hún skal einnig hafa að geyma leiðbeinandi fjárhagsáætlun fyrir það tímabil sem fjárhagsramminn nær yfir.

4. Að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar skulu Evrópuþingið og ráðið samþykkja hina stefnumótandi framkvæmdaáætlun um nýsköpun í samræmi við 3. mgr. 157. gr. sáttmálans.

18. gr.

Upphafsáfangi

1. Stjórnin skal, innan tólf mánaða frá skipun hennar, leggja drög að fyrstu breytilegu þriggja ára vinnuáætluninni, sem um getur í a-lið 15. gr., fyrir Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnina. Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnin geta hvert um sig sent stjórninni álit um allt það efni, sem fjallað er um í drögunum, innan þriggja mánaða frá viðtökudegi. Ef slíku álitu er beint til stjórnarinnar skal hún svara því innan þriggja mánaða og tilgreina allar breytingar á forgangssviðunum og fyrirhugaðri starfsemi.

2. Innan 18 mánaða frá skipunardegi stjórnarinnar skal Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu velja og tilnefna tvö eða þrjú félög þekkingar- og nýsköpunarsamfélaga í samræmi við viðmiðanirnar og verklagsreglurnar sem settar eru fram í 7. gr.

3. Framkvæmdastjórnin skal leggja tillögu að fyrstu stefnumótandi framkvæmdaáætluninni um nýsköpun, á grundvelli draganna frá Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu, fyrir Evrópuþingið og ráðið fyrir lok ársins 2011.

Auk þess efnis stefnumótandi framkvæmdaáætlunarinnar um nýsköpun, sem er í samræmi við 17. gr., skal fyrsta áætlunin ná yfir:

a) nákvæmar forskriftir og starfsskilmála fyrir rekstur Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu,

b) leiðbeiningar um samstarf stjórnar og þekkingar- og nýsköpunarsamfélaga,

c) fyrirkomulag fjármögnunar á þekkingar- og nýsköpunarsamfélögum.

4. Eftir að fyrsta stefnumótandi framkvæmdaáætlunin um nýsköpun hefur verið samþykkt í samræmi við 4. mgr. 17. gr. getur stjórnin valið og tilnefnt fleiri þekkingar- og nýsköpunarfélög samkvæmt ákvæðum 6. og 7. gr.

19. gr.

Skuldbindingar um fjárveitingu

Fjárhagsramminn fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar er 308,7 milljónir evra á tímabilinu 1. janúar 2008 til 31. desember 2013. Árlegar fjárveitingar skulu háðar samþykki fjárveitingavaldsins og rúmast innan ramma fjárhagsáætlunarinnar.

20. gr.

Undirbúningur og samþykkt árlegu fjárhagsáætlunarinnar

1. Til gjalda Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu skal telja kostnað vegna starfsmanna, stjórnunar, innviða og rekstrar. Stjórnunarkostnaði skal haldið í lágmarki.

2. Fjárhagsárið skal samsvara almanaksárinu.

3. Framkvæmdastjórnin skal gera áætlun um tekjur og gjöld Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu fyrir komandi fjárhagsár og senda hana til stjórnarinnar.

4. Jafnvægi skal vera milli tekna og gjalda.

5. Stjórnin skal samþykkja drög að áætluninni, ásamt drögum að yfirliti um stöðugildi og breytilegu þriggja ára vinnuáætluninni og senda framkvæmdastjórninni fyrir 31. mars.

6. Á grundvelli þessarar áætlunar skal framkvæmdastjórnin fella inn í fyrstu drög að fjárlagafrumvarpi Evrópusambandsins þá þætti matsáætlana sem hún telur nauðsynlega vegna þeirrar styrkfjárhæðar sem veita skal af fjárlögum.

7. Fjárveitingavaldið heimilar fjárveitingar í formi styrks til Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu.

8. Stjórnin skal samþykkja fjárhagsáætlunina fyrir Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu sem verður gerð endanleg í framhaldi af lokasamþykkt fjárlaga Evrópusambandsins. Ef við á skal leiðrétta hana til samræmis við fjárlögin.

9. Hafi stjórnin í hyggju að hrinda í framkvæmd verkefni, sem kann að hafa umtalsverð áhrif á fjármögnun fjárhagsáætlunar Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu, skal hún tilkynna fjárveitingavaldinu það eins skjótt og unnt er, einkum ef um er að ræða verkefni er varða fasteignir, s.s. leigu eða kaup bygginga. Hún skal tilkynna framkvæmdastjórninni þetta.

10. Fylgja skal sömu málsmeðferð við allar umtalsverðar breytingar á fjárhagsáætluninni.

21. gr.

Framkvæmd og eftirlit með fjárhagsáætluninni

1. Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal samþykkja fjárhagsreglur sínar í samræmi við 1. mgr. 185. gr. reglugerðar (EB, KBE) nr. 1605/2002. Þær mega ekki víkja frá reglugerð (EB, KBE) nr. 2343/2002 nema sérstök þörf sé á slíku fráviki vegna rekstrar Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu og framkvæmdastjórnin hafi áður veitt samþykki sitt. Taka skal tilhlýðilegt tillit til þess hvort þörf er á sveigjanleika í rekstri til að gera Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu kleift að ná markmiðum sínum og laða að samstarfsaðila úr einkageiranum til frambúðar.

2. Framkvæmdastjórinn sér um framkvæmd fjárhagsáætlunar Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu.

3. Reikningar Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu skulu sameinaðir reikningum framkvæmdastjórnarinnar.

4. Fyrir 30. apríl árið $n + 2$ skal Evrópuþingið, að fengnum tilmælum frá ráðinu, leysa framkvæmdastjórnann undan ábyrgð á framkvæmd fjárhagsáætlunar Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu og stjórnina undan ábyrgð á stofnun Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu fyrir árið n .

22. gr.

Verndun fjárhagslegra hagsmuna Bandalagsins

1. Ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/1999 frá 25. maí 1999 um rannsóknir Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF) ⁽¹⁾ gilda að öllu leyti um Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu í þeim tilgangi að berjast gegn svikum, spillingu og annarri ólöglegri starfsemi.

2. Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal gerast aðili að samstarfssamningi milli stofnana frá 25. maí 1999 milli Evrópuþingsins, ráðs Evrópusambandsins og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna um innri rannsóknir Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF) ⁽²⁾. Stjórnin skal gera þessa aðild formlega og samþykkja nauðsynlegar ráðstafanir til að aðstoða OLAF við innri rannsóknir.

3. Í öllum ákvörðunum sem Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu samþykkir og öllum samningum sem hún gerir skal skýrt kveðið á um það að OLAF og endurskoðunarréttinum sé heimilt að láta fara fram skoðun á staðnum á skjölum verktaka og undirverktaka sem hafa tekið við fjármagni frá framkvæmdastjórninni, þ.m.t. í starfsstöðvum aðstoðarþega.

4. Ákvæðin, sem eru sett fram í 1., 2. og 3. mgr., gilda að breyttu breytenda gagnvart sjóði Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu.

23. gr.

Samþykktir

Stofnsamþykktir Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu, eins og þær eru settar fram í viðaukanum, eru hér með samþykktar.

24. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 11. mars 2008.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,
forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,
forseti.*

⁽¹⁾ Stjórnartíð. EB L 136, 31.5.1999, bls. 1.

⁽²⁾ Stjórnartíð. EB L 136, 31.5.1999, bls. 15.

VIÐAUKI

Stofnsamþykktir Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu

1. gr.

Skipan stjórnar

1. Stjórnin skal annars vegar skipuð tilnefndum aðilum, þannig að jafnvægi sé milli þeirra sem hafa reynslu af viðskiptum, æðri menntun og rannsóknum (hér á eftir nefndir tilnefndir aðilar) og hins vegar aðilum sem starfsfólk, sem starfar á sviði æðri menntunar, rannsókna og nýsköpunar og á tækni- og rekstrarsviði, háskóla- og doktorsnema Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu og þekkingar- og nýsköpunarsamfélaga, kys úr röðum sínum (hér á eftir nefndir fulltrúar).

Til bráðabirgða, þar til fulltrúakosning getur farið fram eftir að fyrsta þekkingar- og nýsköpunarsamfélaginu hefur verið komið á fót, skal fyrsta stjórnin eingöngu skipuð tilnefndum aðilum.

2. Tilnefndir fulltrúar skulu vera 18. Kjörtímabil þeirra skal vera sex ár og er ekki endurnýjanlegt. Framkvæmdastjórnin tilnefnir þá í samræmi við gagnsæja málsmeðferð. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa Evrópuþingið og ráðið um valferlið og lokatilnefningu þessara fulltrúa í stjórn.

Tilnefndir aðilar í fyrstu stjórnina skulu skipaðir á grundvelli skráar yfir mögulega þátttakendur, sem sérstök greiningarnefnd leggur til, en hana skipa fjórir háttsettir sérfræðingar sem framkvæmdastjórnin tilnefnir. Síðar meir skulu aðilar tilnefndir á grundvelli skráar yfir mögulega þátttakendur sem stjórnin leggur til.

3. Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að jafnvægi sé milli æðri menntunar, rannsókna, nýsköpunar og viðskiptareynslu sem og jafnt hlutfall kynjanna og taka til greina mismunandi umhverfi að því er varðar æðri menntun, rannsóknir og nýsköpun í Sambandinu.

4. Annað hvert ár skal skipta út einum þriðja hluta tilnefndra aðila. Hægt er að endurskipa tilnefndan aðila hafi hann gegnt störfum skemur en fjögur ár, með fyrirvara um að hann sitji ekki lengur en í sex ár samtals.

Á aðlögunartímabili skal velja með hlutkesti 12 tilnefnda aðila úr fyrstu stjórninni sem skipaðir eru til fjögurra ára. Eftir að upphaflega fjögurra ára tímabilinu lýkur skal velja með hlutkesti sex af 12 hinna nýju tilnefndu aðila sem skipaðir eru til fjögurra ára. Þetta aðlögunartímabil á ekki við um formann stjórnar.

5. Fulltrúar skulu vera fjórir talsins. Þeir skulu skipaðir til þriggja ára tímabils sem hægt er að endurnýja einu sinni. Skipunartíma þeirra lýkur yfirgefi þeir Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu eða þekkingar- og nýsköpunarsamfélagið. Þeim skal skipt út á grundvelli sama valferlis fyrir það sem eftir er af skipunartímanum.

6. Stjórnin skal samþykkja skilyrði og fyrirkomulag á vali og breytingu á skipan fulltrúa, á grundvelli tillögu frá framkvæmdastjóranum, áður en fyrsta þekkingar- og nýsköpunarsamfélagið tekur til starfa. Þetta fyrirkomulag skal tryggja viðeigandi fjölbreytni í fyrirsvári og skal taka mið af þróun Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu og þekkingar- og nýsköpunarsamfélaganna.

7. Ef stjórnarmaður getur ekki settið út skipunartíma sinn skal sá sem kemur í stað hans vera tilnefndur eða valinn á sama hátt og fráfarandi stjórnarmaður til þess að ljúka skipunartíma hans.

2. gr.

Skyldur stjórnarinnar

1. Stjórnarmenn skulu starfa í þágu Nýsköpunar- og tæknistofnunarinnar með því að stuðla að markmiðum hennar og hlutverki og standa vörð um ímynd hennar og samkvæmni á sjálfstæðan hátt.

2. Stjórnin skal einkum:

a) skilgreina áætlun Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu, eins og hún er sett fram í stefnumótandi framkvæmdaáætlun um nýsköpun, breytilegri þriggja ára vinnuáætlun, fjárhagsáætlun, ársreikninga og efnahagsreikninga og árlega skýrslu um starfsemi á grundvelli tillögu frá framkvæmdastjóranum,

b) tilgreina forgangssvið þar sem þekkingar- og nýsköpunarsamfélögum er komið á fót,

c) stuðla að undirbúningi á hinni stefnumótandi framkvæmdaáætlun um nýsköpun,

d) semja nákvæmar forskriftir og starfsskilmála fyrir rekstur Nýsköpunar- og tæknistofnunar innan ramma hinnar stefnumótandi framkvæmdaáætlunar um nýsköpun, þ.m.t. viðmið og aðferðir í tengslum við fjármögnun, vöktun og mat á starfsemi þekkingar- og nýsköpunarsamfélaganna,

e) velja og tilnefna samstarfsfélag sem þekkingar- og nýsköpunarsamfélag eða draga tilnefningu til baka ef þörf krefur,

f) tryggja áframhaldandi mat á þekkingar- og nýsköpunarsamfélögum,

g) setja sér starfsreglur, þ.m.t. reglur til að velja þekkingar- og nýsköpunarsamfélög og reglur fyrir framkvæmdanefndina, auk sérstakra fjárhagsreglna fyrir Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu,

h) skilgreina með samþykki framkvæmdastjórnarinnar viðeigandi þóknun til stjórnarmanna og framkvæmdanefndarinnar, þessa þóknun skal ákveða með hliðsjón af sambærilegum þóknunum í aðildarríkjunum,

i) samþykkja fyrirkomulag við val á framkvæmdanefnd og framkvæmdastjóra,

- j) tilnefna framkvæmdastjóra og, ef þörf er á, víkja honum úr starfi og vera yfir hann sett,

4. gr.

- k) tilnefna gjaldkera, aðila í framkvæmdanefnd og innri endurskoðun,

- l) koma á fót ráðgefandi hópum, eftir því sem við á, hugsanlega til ákveðins tíma,

- m) efla Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu hnattrænt svo að hún verði eftirsóknarverð og gera hana að gæðastofnun á heimsælikvarða á sviði æðri menntunar, rannsókna og nýsköpunar,

- n) samþykkja góða starfshætti að því er varðar hagsmunaárekstra,

- o) skilgreina meginreglur og viðmiðunarreglur vegna umsjónar með hugverkarétti,

- p) koma á fót innri endurskoðun í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB, KBE) nr. 2343/2002,

- q) hafa heimild til að stofna sjóð (hér á eftir nefndur sjóður Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu) sem hafi það sérstaka markmið að efla og styðja starfsemi Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu,

- r) tryggja fyllingu við og samvirkni milli starfsemi á vegum Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu og annarra áætlana Bandalagsins,

- s) taka ákvörðun um tungumálafyrirkomulag Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu, að teknu tilliti til fyrirbyggjandi meginreglna um fjöltengi og hagnýtra krafna vegna starfsemi hennar.

3. Stjórninni er heimilt að fela framkvæmdanefndinni sérstök verkefni.

4. Stjórnin kysir sér formann úr röðum tilnefndra aðila. Skipunartími formannsins er þrjú ár og er heimilt að endurnýja einu sinni.

3. gr.

Hlutverk stjórnarinnar

1. Stjórnin skal taka ákvarðanir með einföldum meirihluta atkvæða allra stjórnarmanna, sbr. þó 2. mgr.

Þó skal krefjast atkvæða tveggja þriðju hluta allra stjórnarmanna vegna ákvarðana skv. a-, b-, c-, d-, i- og s-lið 2. mgr. 2. gr. og skv. 4. gr.

2. Fulltrúum er ekki heimilt að greiða atkvæði um ákvarðanir sem eru teknar skv. e-, g-, i-, j-, k-, q- og s-lið 2. mgr. 2. gr.

3. Stjórnin skal koma saman á reglulegum fundum a.m.k. þrisvar á ári og halda aukafundi sem formaður hennar boðar til að eigin frumkvæði eða að beiðni a.m.k. eins þriðja hluta stjórnarmanna.

Framkvæmdanefndin

1. Framkvæmdanefndin skal skipuð fimm einstaklingum, þ.m.t. formaður stjórnar sem einnig fer með formennsku í framkvæmdanefndinni.

Stjórnin velur fjóra aðila, aðra en formann, úr röðum tilnefndra aðila í stjórn.

2. Framkvæmdanefndin skal koma reglulega saman að boði formanns eða framkvæmdastjórans.

3. Framkvæmdanefndin skal taka ákvarðanir með einföldum meirihluta allra nefndarmanna.

4. Framkvæmdanefndin skal:

a) undirbúa fundi stjórnarinnar

b) hafa umsjón með framkvæmd á stefnumótandi framkvæmdaáætlun um nýsköpun og breytilegu þriggja ára vinnuáætluninni,

c) hafa umsjón með valaðferðinni að því er varðar þekkingar- og nýsköpunarsamfélögin,

d) taka ákvarðanir um verkefni sem stjórnin felur henni.

5. gr.

Framkvæmdastjóri

1. Framkvæmdastjórinn skal búa yfir sérfræðipækkingu og hafa gott orðspor á þeim sviðum sem Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu fæst við. Stjórnin skipar framkvæmdastjóra til fjögurra ára. Stjórninni er heimilt að framlengja þetta skipunartímabil um fjögur ár einu sinni telji hún hagsmunum Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu best borgið þannig.

2. Framkvæmdastjórinn ber ábyrgð á daglegri stjórnun Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu og er löglegur fulltrúi hennar. Framkvæmdastjórinn er ábyrgur gagnvart stjórninni og sendir henni skýrslu reglulega um þróun starfsemi Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu.

3. Framkvæmdastjórinn skal einkum:

a) aðstoða stjórnina og framkvæmdanefndina við störf þeirra og láta þeim í té skrifstofu fyrir fundi þeirra,

b) semja drög að stefnumótandi framkvæmdaáætlun um nýsköpun, drög að breytilegu þriggja ára vinnuáætluninni, ársskýrsluna og árlega fjárhagsáætlun til að leggja fyrir stjórnina fyrir milligöngu framkvæmdanefndarinnar,

c) hafa umsjón með valferlinu fyrir þekkingar- og nýsköpunarsamfélögin og tryggja að mismunandi áföngum þessa ferlis sé hrundið í framkvæmd á gagnsæjan og hlutlægan hátt,

d) skipuleggja og hafa umsjón með starfsemi Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu,

e) tryggja framkvæmd á skilvirkri vöktun og mati á frammistöðu Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu í samræmi við 16. gr. reglugerðarinnar,

- f) bera ábyrgð á stjórnun og fjármálum, þ.m.t. framkvæmd fjárhags-áætlunar Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu. Í því sambandi skal framkvæmdastjórinn taka tilhlýðilegt tillit til ráðgjafar frá innri endurskoðuninni,
- g) bera ábyrgð á öllu starfsmannahaldi,
- h) leggja drög að ársreikningum og efnahagsreikningum fyrir innri endurskoðun og síðan fyrir stjórnina fyrir milligöngu framkvæmdanefndarinnar,
- i) tryggja að staðið sé við skuldbindingar Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu að því er varðar þá samninga sem hún gerir,
- j) veita framkvæmdstjórninni og stjórninni allar nauðsynlegar upplýsingar til að hún geti sinnt verkefnum sínum.

6. gr.

Undirbúningur til að koma á stuðningsskipulagi

Til bráðabirgða skal framkvæmdastjórnin veita nauðsynlegan stuðning til að koma Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu á fót. Í því skyni, þar til fyrstu tilnefndu aðilarnir hafa verið skipaðir í stjórnina, skal embættismaður, sem framkvæmdastjórnin tilnefnir, vera lagalegur fyrirsvarsmaður Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu og bera ábyrgð á starfsmannahaldi, stjórnun og fjármálum, þ.m.t. framkvæmd fjárhagsáætlunarinnar fyrir Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu. Að því búnu skal stjórnin, samkvæmt gagnsæri málsmeðferð, tilnefna einstakling, sem skal annast þessa starfsemi, eða framlengja umboð embættismannsins, sem framkvæmdastjórnin tilnefndi, þar til framkvæmdastjórinn hefur störf eftir að stjórnin hefur tilnefnt hann í samræmi við 5. gr. Stjórnin skal án tafar hefja málsmeðferðina til að velja framkvæmdastjóra Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu.

7. gr.

Starfsmenn nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu

1. Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu ræður til sín starfsfólk milliliðalaust á grundvelli tímabundinna samninga. Ráðningarkjör annarra starfsmanna Evrópubandalaganna gilda um framkvæmdastjórnann og starfsfólk Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu.
2. Þátttökuríkjunum eða öðrum vinnuveitendum er heimilt að senda sérfræðinga tímabundið til starfa hjá Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu.

Stjórnin skal samþykkja ákvæði sem gera sérfræðingum frá þátttökuríkjunum eða öðrum vinnuveitendum kleift að starfa hjá Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu og þar sem réttindi þeirra og skyldur eru skilgreind.

3. Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal, að því er starfsfólk varðar, beita þeim heimildum sem því yfirvaldi eru faldar sem hefur heimild til að gera ráðningarsamninga.

4. Heimilt er að krefjast þess af starfsmanni að hann bæti, að hluta eða að öllu leyti, skaða sem Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu kann að verða fyrir vegna alvarlegs misferlis hans við störf sín eða í tengslum við þau.

8. gr.

Meginreglur við mat og vöktun á þekkingar- og nýsköpunarsamfélögum

Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu skal leggja til samfellda vöktun og reglubundið mat á árangri sérhvers þekkingar- og nýsköpunarsamfélags. Þetta mat skal byggjast á góðum stjórnsýsluvenjum og árangursmiðuðum breytum og komast skal hjá óþarfa formfestu og skriffinnsku.

9. gr.

Gildistími, framhald og slit þekkingar- og nýsköpunarsamfélaga

1. Með fyrirvara um niðurstöður reglubundins mats og sérhæfni á tilteknum sviðum skulu þekkingar- og nýsköpunarsamfélögin alla jafna starfrækt á tímabili sem spannar sjö til fimmtán ár.
2. Stjórnin getur ákveðið að framlengja starfsemi þekkingar- og nýsköpunarsamfélaganna fram yfir það tímabil sem upphaflega var ákveðið ef það er hentar best til að ná markmiði Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu.
3. Ef mat á þekkingar- og nýsköpunarsamfélagi leiðir í ljós ófullnægjandi árangur skal stjórnin gera viðeigandi ráðstafanir, þ.m.t. að minnka, breyta eða afturkalla fjárstuðning hennar eða slíta samningi.

10. gr.

Slit Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu

Komi til slita Nýsköpunar- og tæknistofnunar Evrópu skal framkvæmdastjórnin hafa umsjón með þeim í samræmi við gildandi lög. Í samningunum við þekkingar- og nýsköpunarsamfélögin og gerðinni um að stofna sjóð fyrir Nýsköpunar- og tæknistofnun skal mæla fyrir um þau ákvæði sem eiga við í slíkri stöðu.